

Samráðsfundur um umhverfismál
haldinn í fundarsal Þjónustumiðstöðvarinnar að Eyjasandi 9, 25. apríl 2016 klukkan 9.00 –
11.00.

Mætt voru:

Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri, Anna María Kristjánsdóttir formaður umhverfisnefndar, Haraldur Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi, Bjarni Jón Matthíasson forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson markaðs- og kynningarfulltrúi.

Farið var yfir ýmislegt sem betur mætti fara hér á Hellu, varðandi umhverfismál.

Bjarni Jón sýndi myndir sem voru teknar um þorpið og nánasta nágrenni. Má þar nefna helst:

- Húsin við Seltún. Stefnt er að þau muni fara af lóðum sínum á árinu 2017, vegna nálægðar við Lund og starfsemi þess. Lóðirnar eru víkjandi skv. gildandi skipulagi. Bílar eru á lóðum ásamt því að gisting hefur verið í gámum og kofum á lóðunum.
- Bogaskemma og lagnadót rétt vestan við Nes II. Dótið á að fara í nýja aðstöðu hreppsins á Eyjasandi. Skiptar skoðanir voru um hvort skemman ætti að standa eða ekki.
- Frágangur lóða við iðnaðarsvæði. Drasl við Þrúðvang 36, á lóð Samverks, á lóðum við Dynskála o.fl.
- Þrúðvangur 40. Mön afgangsjarðveggar rétt við gögnustíg.
- Þökur við skólalóðina meðfram Þingskálum.
- Hringtorg við Miðjuna. Kantsteinar víða ónýtir og mjög illa farnir. Vegagerðin ætlar að standa straum af kostnaði við lagfæringar í sumar. Umsjón hefur Þjónustumiðstöðin.
- Drasl á lóð Reykjagarðs að norðanverðu.
- Rafmagnskefli frá Rarik norðan við Reykjagarð.
- Númersluasir bílar eru víða í þéttbýlum sveitarfélagsins.
- Jarðrask austan og sunnan við sláturhúsið á Hellu. Komast að því hvað þarna var gert.
- Drasl innan einkalóða er víða áberandi.

Rætt var um aðgerðir við Reykjagarð í tengslum við uppbyggingu á íbúðaasvæðinu. Ráðast þarf í gerð manar til að minnka neikvæða ásjón á milli íbúða og Reykjagarðs. Á næstu dögum verður merkt fyrir fyrirhuguðum Dynskálavegi norðan við Reykjagarð og þá er hægt að staðsetja manir og hefja uppbyggingu þeirra.

Rætt var um lokanir meðfram Dynskálum og Suðurlandsvegi. Vegagerðin er tilbúin til aðkomu að gerð einhvers konar afmörkunar á lóðamörkum. Sveiatfélagið þarf að leggja línurnar og kynna fyrir lóðarhöfum á svæðinu.

Kynntar voru hugmyndir að uppsetningu gámasvæðis austan núverandi hesthúsabyggðar. Mjög metnaðarfullt verkefni. Leggja þarf áformin fyrir skipulagsnefnd til afgreiðslu og ákvörðunar um deiliskipulag fyrir svæðið. Framkvæmdir eru þegar hafnar við færslu á reiðvegi frá hesthúsahverfinu og norður/austur að söndum.

Fleira ekki gert. Fundi lokið klukkan 11.00.

Niðurstaða þessa fundar var að senda auglýsingu í næsta blað Búkollu, þar sem á að benda á, að Hella er 90 ára á árinu og að okkur langi í umhverfisátak í öllu sveitarfélaginu í tilefni þess, þó svo að alltaf

séu tilefni til að hafa snyrtilegt í kringum sig. Bréf verði send á eigendur upptaldra lóða þar sem verði vitnað í ákvæði lóðarleigusamninga um snyrtilegt umhverfi lóða.